

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 269/2023

frá 27. október 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1490 frá 19. júlí 2023 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 að því er varðar notkun á tilteknum efnum, sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun, í snyrtivöru ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009) í XVI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32023 R 1490**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1490 frá 19. júlí 2023 (Stjtið. ESB L 183, 20.7.202, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2023/1490, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 183, 20.7.2023, bls. 7.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður